

**Borgarstjórn**  
**13. mars 2018**

### **Tillaga um árvekniáttak gegn vændi og mansali**

Borgarstjórn felur ofbeldisvarnarnefnd að fara í árvekniáttak til að fá borgarbúa til að vinna gegn vændi og mansali. Mansal fer eðli málsins samkvæmt mjög leynt og er þörf á að virkja almenning til að fylgjast með sínu nærumhverfi og þekkja merki þess að mansal þrífist. Reykjavíkurborg vinni að þessu átaki í samstarfi við þá aðila sem gleggst til þekkja, skoði samstarf við lögreglu og verkalýðsfélög og nýti þá miðla sem borgin hefur yfir að ráða. Sem þátt í þessu átaki felur borgarstjórn ofbeldisvarnarnefnd að halda málþing um mansal og vændi og vekja þannig athygli á þeim vanda sem við er að etja og því ofbeldi sem viðgengst. Samstarf allra aðila verði styrkt og byggð upp þekking á málefnum.

### **Greinargerð:**

Ljóst er að umfang vændis er að aukast og orðræðan sem vændiskaupendur beita verður sífellt grófari og óvægnari. Á meðan kaupendur eru mestmegnis íslenskir karlmenn þá eru vændisseljendur að mestu erlendar stúlkur. Nauðsynlegt er að hafa leiðir opnar vilji þær komast út úr því ofbeldi sem þær búa við og þarf borgin, í samráði við ríkið, að vera með tiltækar leiðir fyrir brotþola. Einnig þarf öllum að vera ljóst hvert skuli leita vakni grunur um mansal.